

Mánudaginn 16. febrúar 1998.

Nr. 63/1998.

S

(Lúðvík Emil Kaaber hdl.)
gegn

H

(Ingimundur Einarsson hrl.)

Kærumál. Lögræði. Fjárræði. Málskostnaður. Úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 1998, þar sem sóknaraðili var svipt fjárræði. Kæruheimild er í 16. gr. lögræðis-laga nr. 71/1997. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði héraðsdóms um sviptingu fjárræðis verði hrundið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

I.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð um heilsufar sóknaraðila. Þar kemur fram, að hún hafi frá því snemma árs 1996 verið vistuð á deild fyrir heilabilað fólk á Hrafnistu í Reykjavík. Enn fremur segir þar meðal annars, að hún sé haldin elliglöpum á háu stigi og sé með öllu ófær um að annast mál sín, jafnt fjárhagsleg sem önnur mál. Þetta vottorð hefur ekki verið vefengt í málinu.

Varnaraðili er eitt fjögurra barna sóknaraðila. Í beiðni hennar um, að sóknaraðili verði svipt fjárræði, kemur fram, að hún óttist, að móðir sín eða systkini kunni að ráðstafa eignum, þannig, að í bága fari við hagsmuni sóknaraðila eða erfingja hennar, og er um það vísað til áðurnefnds læknisvottorðs. Kveðst varnaraðili ekkert vita um, hvernig fjármála móður sinnar sé gætt. Eigi það jafnt við um innbú hennar, persónulega muni, lífeyrisgreiðslur og leigutekjur af fasteign. Þá sé ekkert samband á milli systkinanna.

Verjandi sóknaraðila hefur leitað eftir afstöðu annarra barna sóknaraðila til kröfu varnaraðila um, að hún verði svipt fjárræði. Er fram komið, að þau eru öll mjög andvíg því, að móðir þeirra verði svipt fjárræði. Hafa þau skýrt svo frá, að sonur sóknaraðila annist fjármál hennar, og sé varnaraðila eða lögmanni hennar heimilt að kynna sér gögn um fjárreiður hennar að vild og leita allra skýringa hjá fyrrnefndum syni sóknaraðila. Þessi þrjú börn sóknaraðila hafa jafnframt skýrt svo frá, að enginn samgangur sé milli þeirra og varnaraðila og að hin síðastnefnda hafi ekki heldur haft samband við móður þeirra síðustu ár.

II.

Samkvæmt 4. gr. lögræðis laga má svipta mann lögræði með úrskurði dómara, ef þörf krefur. Verjandi sóknaraðila getur þess, að því sé ekki haldið fram, að sóknaraðili sé sjálf fær um að annast fjármál sín. Engu að síður sé ekki um að ræða það skilyrði fyrir fjárræðissviptingu, að þörf krefji. Fjárhagslegum hagsmunum sóknaraðila sé vel borgið í höndum sonar hennar, og ekkert bendi til, að þau störf hafi ekki verið unnin af fyllstu trúmennsku.

Af bréfi, sem lagt var fram í héraði og er ekki mótmælt í greinargerð varnaraðila hér fyrir dómi, verður ráðið, að eignir sóknaraðila séu fremur litlar. Eins og málið liggur fyrir, bendir ekkert til, að varnaraðili hafi leitað upplýsinga hjá systkinum sínum um fjármál sóknaraðila, áður en krafa um fjárræðissviptingu var upp borin. Ekkert tilefni hefur því gefist til að halda fram með réttu, að fjárhags hennar sé ekki vel gætt, og ekkert er heldur fram komið um, að sóknaraðili hafi sjálf sýnt vilja til að ráðstafa fjármunum sínum. Þrátt fyrir heilsubrest sóknaraðila hefur varnaraðili þannig ekki sýnt fram á, að því lagaskilyrði sé fullnægt, að þörf krefjist slíkrar ráðstöfunar. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og kröfu varnaraðila hafnað.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er málskostnaður varnaraðila, sem var sóknaraðili í héraði, felldur á ríkissjóð, þar með talin þóknun lögmanns hennar. Til þess voru þó engin efni, en ekki kemur fram, að þessum málsaðila hafi verið skipaður talsmaður í málinu samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga, sem vísað er til í

úrskurðinum. Verður þessi hluti úrskurðar héraðsdóms því einnig felldur úr gildi.

Málskostnaður sóknaraðila fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi um annað en greiðslu málskostnaðar varnaraðila í héraði, S, og þóknun skipaðs verjanda hennar þar.

Málskostnaður sóknaraðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda hennar, 25.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 1998.

Með beiðni, dagsettri 7. þ. m., hefur Ingimundur Einarsson hrl. f. h. H, f. 1936, til heimilis ..., Garðabæ, farið fram á það, að móðir hennar, S, f. 1912, hjúkrunarheimilinu Hrafnistu hér í borg, verði svipt fjárræði, og var málið þingfest og tekið til úrskurðar í dag.

Um aðild sóknaraðila er vísað til a-liðar 2. mgr. 7. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Í beiðninni og meðfylgjandi læknisvottorði kemur fram, að ástæða hennar er alvarleg elliglöp varnaraðila, sem gera hana ófæra um að annast fjármál sín. Varnaraðili mótmælir kröfunni. Meðal gagna málsins er vottorð Sigurðar Jónssonar, yfirlæknis á Hrafnistu, þar sem fram kemur, að varnaraðili er haldin elliglöpum á háu stigi og sé með öllu ófær um að annast fjármál sín. Af hálfu varnaraðila eru ekki bornar brigður á vottorð þetta. Dómarrinn telur einsýnt af því, sem rakið hefur verið, að varnaraðili sé vegna elliglapa ófær um að ráða fé sínu, og ber samkvæmt því og með vísan til a-liðar 4. gr. lögræðislaga að fallast á beiðni sóknaraðila um, að S, f. 1912, hjúkrunarheimilinu Hrafnistu hér í borg, verði svipt fjárræði.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga ber að greiða úr ríkissjóði allan málskostnað, þar með talda þóknun lögmanns sóknaraðila, Ingimundar Einarssonar hrl., 30.000 krónur, og verjanda, Lúðvíks Kaaber hdl., 30.000 krónur.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Varnaraðili, S, f. 1912, hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík, er svipt fjárræði.

Málskostnaður allur, þar með talin þóknun lögmanns sóknaraðila, Ingimundar Einarssonar hrl., 30.000 krónur, og verjanda, Lúðvíks Kaaber hdl., 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
